

Tillaga til 472. fundar bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 4. mars 2021

Tillaga frá 1143. fundi bæjarráðs, sem fram fór þann 1. mars 2021, um að bæjarstjórn samþykki að hafin verði vinna við tillagða fjóra kosti vegna ofanflóðavarna á Flateyri, í samræmi við minnisblað bæjarstjóra, dags. 26. febrúar 2021.

3. Efling snjóflóðavarna á Flateyri. Drög að aðgerðaráætlun - 2021020132

Lögð fram samantekt Kristínar Mörthu Hákonardóttur, byggingaverkfræðings hjá Verkís, dags. 25. febrúar 2021, þar sem fram koma tillögur að ofanflóðavörnum fyrir Flateyri. Jafnframt lagt fram minnisblað Birgis Gunnarssonar, bæjarstjóra, dags. 26. febrúar 2021, vegna málsins.

Bæjarráð fagnar framkomnum tillögum og leggur fyrir bæjarstjóra að vinna minnisblað um þær tillögur sem eru í kynningu Verkís fyrir bæjarstjórn til samþykktar, ásamt viðauka.